



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga um breytingu á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs leggur til að gerð verði breyting á reglum um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ með eftirfarandi hætti:

Núgildandi 3. gr. er svohljóðandi:

Í heild verði allt að 150 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir skólaárið út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.

Lagt er til að orðalag 3. gr. verði svohljóðandi:

Í heild verði allt að 100 milljónum úthlutað til allra leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita fyrir *fjárhagsárið* út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs á hlutaðeigandi starfsstað.

Núgildandi 4. gr. er svohljóðandi:

Fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir og upplýsa fjármáladeild um niðurstöður styrkveitinga.

Lagt er til að orðalag 4. gr. verði svohljóðandi:

Fagstjórar og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðva í borgarmiðstöðum og fulltrúar frá fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs yfirfara umsóknir.

Núgildandi 5. gr. er svohljóðandi:

Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.

Lagt er til að orðalag 5. gr. verði svohljóðandi:

Umsóknir skulu hafa borist skrifstofu skóla- og frístundasviðs fyrir auglýstan umsóknarfrest ár hvert og skal umsóknum skilað á sérstöku umsóknarformi. Umsóknarform og upplýsingar um tilhögun úthlutunar er að finna á *vef menntastefnu Reykjavíkur* <https://menntastefna.is/throunarsjodur/>.

Núgildandi 7. gr. er svohljóðandi:

Lokauppgjör á sér stað þegar styrkþegi hefur skilað greinargerð um verkefnið eigi síðar en þann 1. júní ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.

Lagt er til að orðalag 7. gr. verði svohljóðandi:

Greinargerð um verkefnið skal skila eigi síðar en þann 15. janúar á komandi ári ár hvert samkvæmt skilmálum um skil greinargerðar sem er að finna á heimasíðu skóla- og frístundasviðs.

Núgildandi 8. gr. er svohljóðandi:

Greiðslur úr sjóðnum skulu að jafnaði vera þannig að við upphaf verkefnis er 1/3 styrksins greiddur út og 2/3 við skil greinargerðar.

Lagt er til að ákvæðið verði fellt út og í stað þessi verði 8. gr. svohljóðandi:

Borgarmiðstöðvar hafa milligöngu um miðlun greiðslna til starfsstöðva. Greiðslur úr sjóðnum skulu berast viðkomandi starfstað í upphafi verkefnis.

Breytingar taka gildi frá samþykkt borgarráðs.

Greinargerð:

Í fjárhagsramma skóla- og frístundasviðs árið 2024 eru 100 m.kr. til úthlutunar til styrkja á grundvelli reglna um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í A hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur „Látum draumana rætast“. Þetta er lækkun um 100 milljónir frá því sem var en frá árinu 2019 hefur verið úthlutað 150 milljónum í A-hluta og 50 milljónum í B- hluta samtals 200 milljónir árlega.

Þannig verður A- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs, alls 100 milljónum, úthlutað til grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita út frá einföldu og skýru umsóknarferli. Fjárhæðir styrkja eru ákveðnar út frá reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfangs.

Vegna lækkunar á fjárheimildum verður ekki úthlutað til B- hluta verkefna árið 2024 og framlag í A-hluta lækkar um 50 milljónir

Fjármagni verður úthlutað í upphafi árs 2024 til borgarmiðstöðva sem munu hafa milligöngu um miðlun greiðslna til starfsstöðva. Greiðslur úr sjóðnum skulu berast viðkomandi starfstað í upphafi verkefnis. Lögð er áhersla á að fagstjórar leikskóla og grunnskóla og framkvæmdastjórar í frístundamiðstöðvum taki samtalið við sína stjórnendur og ræði um möguleika á samstarfsverkefnum á milli starfsstaða innan leik, grunn, frí eða þvert á málaflokka sem og mögulegu samstarfi á milli borgarhluta. Þá hafi fagstjórar yfirsýn yfir verkefni sem eru af svipuðum toga og hægt er að samnýta fjármagn fyrir fræðslu og ráðgjöf. Ef starfsstaðir nýta ekki það fjármagn sem þeir hafa til umráða geti fagstjórar nýtt fjármagnið til samstarfsverkefna innan eða á milli borgarhluta.